



Aðalfundur Kayakklúbbsins 2019 haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 15. febrúar 2019, kl. 20:00

Ágættis mæting var á fundinn, sem taldi 27 manns.

Andri Þór Arinbjarnarson formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Stakk upp á O. Lilju Birgisdóttur sem fundarstjóra og Sveini Axel Sveinssyni sem fundarritara, sem fundurinn samþykkti með lófataki.

Lilja tók við stjórn fundarins .

Dagskrá fundarins er skv. lögum fundarins er eftirfarandi:

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Skýrslur nefnda lagðar fram.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og útskýrðir.
5. Umræða um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga.
6. Reikningar bornir upp til samþykktar.
7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.
8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.
9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.
10. Ákvörðun félagsgjalda.
11. Önnur mál.
12. Fundargerð.
13. Fundarslit.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Andri formaður fór yfir skýrslu stjórnar.

Stjórn fundaði formlega þrívægis á árinu. Verkefni stjórnar voru meira unnin með símtölum, tölvupóstum og samskiptum á Facebook. Andri fór yfir það helsta sem fór fram á síðasta ári, nefndi að fundargerðir allra funda eru aðgengilegar í skjalasafninu.

Kayakklúbburinn sendi inn athugasemdir vegna virkjanaf framkvæmda í Brúárvirkjun með hagsmuni straumkayakræðara í huga.

Fræðslunefnd er byrjuð að skoða hvernig hentar að standa að þjálfunarmálum og hvernig er best að standa að viðkenningu á getu ræðara.

Umgengis- og búnaðarreglum var breytt í Geldinganesinu, aðgengi nýliða var takmarkað, þ.a. nýliðar geta eftir breytingar fengið aðgang að aðstöðunni í Geldinganesinu eftir 1 árs félagsaðild. Þessi breyting var gerð vegna öryggissjónarmiða, en það var of mikið um að nýliðar mættu með vini og fjölskyldu og notuðu búnað félagsins án þess að hafa reynslu í að bjarga sjálfum sér eða öðrum.

Andri nefndi að það væri lítið endurnýjun á lista róðrarstjóra og hvatti fundarmenn til að hefja þjálfunarferli og gefa kost á sér sem róðrarstjórar, en krafa er um róðrarstórar séu amk að undirbúa sig fyrir BCU 4* Leader eða sambærilegt.

Keppnishald var til umræðu hjá stjórn sem og stjórn SÍL. Keppnisnefnd hafði leitað umsagnar stjórnar,



sem hafði strax eftir Reykjavíkurbíkarinn, ákveðið úrslit keppanda, þó svo að Reykjavíkurbíkarinn hafi verið blásinn af vegna veðurs. Stjórn var sammála um að fella ætti alfarið niður öll stig og úrslit keppinnar þar sem keppnin var blásin af. Í kjölfarið barst stjórn SÍL kvörtun vegna þessa sem var afgreidd á sbr. máta og kvörtun sem barst fyrir tveimur árum síðan. SÍL er ekki aðili að neinum alþjóðlegum kayaksamtökum, því eigi engar alþjóðlegar reglur um keppnishald hjá Kayakklúbbnum. Stjórn SÍL taldi þörf á að endurskoða keppnishaldið í heild sinni, þar sem keppnir sem telja til Íslandsmeistara væru haldnar af félögum sem væru ekki aðilar að SÍL og þar með ÍSÍ. Stjórn Kayakklúbbsins mun leggja fram tillögu síðar á fundinum um að keppni Íslandsmeistara verði lögð af og tilnefning fulltrúa í kjöri á Íþróttamanni ársins hjá ÍSÍ. Kayakklúbburinn er miklu frekar útivistarfélag en íþróttafélag, en stjórn hvetur jafnframt til að haldnar verði áfram innanfélags keppnir í samstarfi við önnur kayakfélög. Að lokum nefndi Andri að hann og Sveinn Axel gæfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Sveinn Axel hefur verið í stjórn frá árinu 2012 og Andri frá 2014.

Andri þakkaði nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu og sagði að megin starfið í Kayakklúbbnum væri borið uppi af nefndum Kayakklúbbsins.

3. Skýrslur nefnda lagðar fram.

Sigurjón Magnússon kynnti skýrslu Húsnæðisnefndar í fjarveru Össurar Imsland formanns. Kynningin var óundirbúin og vísaði Sigurjón í skýrslu nefndarinnar sem er aðgengileg í skjalasafninu. Aðstaðan okkar er í Geldinganesinu og Nauthólsvík. Viðhaldsdagurinn í Geldinganesinu tókst afar vel, geymslupláss í Nauthólsvík eru fullnýtt, en ca 15 geymsluhólf væri laus í Geldinganesinu. Á tímabili var tæpt að við myndum halda aðstöðunni í Nauthólsvík þar sem leigusali okkar, Siglingarklúbbsins Brokey vill meira pláss fyrir eigin starfssemi. Aðstaðan í Nauthólsvík verður áfram okkar, a.m.k. í einhvern tíma. Í Geldinganesinu eru við með 14 gáma, Sigurjón velti fyrir sér hvað við viljum gera, hvað varðar frekara geymslupláss til framtíðar.

Í vor var farið í að endurraða geymsluplássum í gámum 1 og 2, en þar voru margir kayakar sem hafa ekki verið hreyfðir í mörg ár. Þeir sem áttu flestar skráningar í röðarbókinni á árinu 2018 fengu að velja sér pláss í þessum tveimur gámum en þeir við pallinn.

Framtíðarstaðsetning aðstöðunnar í Geldinganesinu er enn óráðin þar sem aðalskipulag svæðisins hefur ekki verið samþykkt.

Sveinn Muller formaður ferðanefndar kynnti skýrslu ferðanefndar. Auk Sveins voru í ferðanefndinni þau Guðni Páll, Lárus, S.Perla og Örlygur. Starf ferðanefndar var hefðbundið, Örlygur byrjaði og endaði ferðir ársins með næturróðrum, sem hafa verið haldnir samfleytt síðustu 10 ár. Tólf skipulagðar ferðir voru auglýstar, hætt var við tvær ferðir, Purkeyjarferðin gekk ekki eftir vegna veðurs og Hörpuróðurinn fékk niður vegna þátttökuleysis. Ferðir sem farið var í voru 6 næturróðrar frá Geldinganesinu, Vogar-Keflavík, Álftanes-Hafnarfjörður, Suðureyjar í Breiðafirði. Öllum ferðunum er nánar lýst í ferðaskýrslunni sem er aðgengileg í skjalasafninu. Ferðanefndin er þegar byrjuð að skipuleggja ferðir næsta sumar, ferðadagskráin verður kynnt eftir ca. tvær vikur.

Gísli Friðgeirsson formaður fræðslunefndar kynnti starf nefndarinnar. Í nefndinni voru ásamt Gísla, þeir Sveinn Axel og Örlygur, Klara hætti í nefndinni vegna anna og Steini X kom inn í stað hennar. Starfið fór mest fram með spjalli og á netinu. Starfið gekk mest út að skoða leiðir til að skipuleggja og þjálfun ræðara. Kajakskólinn sem Gísli rekur, hefur átt mjög gott samstarf við Kayakklúbbinn, en aðstaðan í Geldinganesinu hefir verið notuð fyrir þátttakendur, 100 nemendur hafa sótt námskeið hjá Kajakskólanum sem leggur til allan kayakbúnað. Nemendur fá mat í lok námskeiðs. Mismunandi hve mikið þessir nemendur skili sér inn í félagsróðrana. Gísli kynnti European Paddle Pass (EPP) sem er samstarf Evrópuríkja um staðal hvað varðar þjálfun kayakræðara. Áhugi er að skoða EPP betur og jafnvel þýða og staðhæfa fyrir Ísland.



Ágúst Ingi Sigurðsson formaður Keppnisnefndar kynnti skýrslu keppnisnefndar sem var skipuð þeim Helgu og Þorbergi ásamt Ágústi. Skipulagðar voru fjórar keppnir, þar af tvær sem keppnisnefndin sá um sem voru Reykjavíkurbíkarinn og Hálfmararönn keppnin. Kayakhöllin hafði umsjón með Hallarbíkarinum og Kayakklúbburinn Sviði og Siglingaklúbburinn Þytur höfðu umsjón með Bessastaðabíkarinum, sem var skipulagður með byrjendum í huga. Ferð meirihluta nefndarmanna á Anglesey Symposium 2018 hafði áhrif á val á keppnisdögum, því var Reykjavíkurbíkarinn og Hallarbíkarinn skipulagðar á tvær helgar í röð. Vindur og veður hafði mikil áhrif á keppnishaldið. Reykjavíkurbíkarinn hófst í ágætu veðri, en keppnin var stoppuð þegar vindur var kominn yfir 20 m/s. Keppnisnefnd tók skyndi ákvörðun á staðnum og raðaði keppendum í sæti skv. röðun keppenda þegar keppnin var blásin af við. Nefndin var ósátt við fyrr ákvörðun sína og leitaði til stjórnar Kayakklúbbsins um þessa skyndákvörðun sína, sem stjórn var sammála um hefði ekki verið rétt. Niðurstaðan var að fella úrslit Reykjavíkurbíkararsins alfarið niður og keppnin gæfi engin stig til íslandsmeistara. Í kjölfarið fylgdu kvartanir eins keppenda til stjórnar SÍL, en ákvörðunin var endaleg.

Hallarbíkarinn var haldin helgina á eftir Reykjavíkurbíkarinum. Hálfmararönnkeppnin var haldin 29 september þar sem sex keppendur tóku þátt, þar af fimm í ferðabátaflokki. Róið var frá Geldinganesinu í Nauthólsvík. Ágúst talaði um þá þróun sem hefur átt sér stað í keppnishaldinu, hér áður voru haldnar keppnir á Ísafirði og fyrir austan, keppnir sem við tókum þátt í og vestfirðingar og austfirðingar tóku þátt í keppnum í Reykjavík, en það er liðin tíð, því væri ekki lengur um eiginlegt íslandsmeistarmót að ræða. Núna vilja flestir vera með í keppnum, án þess að vera láta keppnisskapið fara með alveg með sig. Ágúst er sammála því, að fyrirhuguð tillaga stjórnar um að fella niður stig til íslandsmeistara og val á fulltrúa í kjöri Íþróttamanns ársins hjá ÍSÍ verði hætt og sú tillaga verði til að bæta andrúmsloftið í kringum keppnishaldið. Keppnisnefnd muni áfram standa að keppnum í samvinnu við önnur kayakfélög.

Magnus Sigurjónsson formaður Sundlaugarnefndar kynnti starf nefndarinnar. Í nefndinni auk Magnúsar voru þau Lárus, Anula, Indriði og Hörður. Það hefur verið mjög brösótt með tíma í Laugardalslauginni í vetur, margir tíma fallið niður og eins var hann sjálfur mjög upptekinn. Núna erum við komin með fasta dagsskrá í lauginni, búið er að skipta um forstöðumann í lauginni og það verði tekið miklu meira tillit til okkar. Magnús óskaði eftir fleirum í nefndina, en nefndarmenn skipta með sér umsjón með hverjum tíma í lauginni. Maggi taldi að námskeið á sjó væru að skila fleiri nýjum félögum en þegar nýliðar sæki námskeið í lauginni. Veltunámskeið væri mjög góður kostur í lauginni og nauðsynleg.

Erlingur Geirsson kynnti skýrslu Straumkayaknefndarinnar, en í henni voru einnig þau Andrea, John, Marteinn og Tinna. Gabriel sagði sig úr nefndinni vegna annríkis og John kom inn í stað hans. Þetta var fyrsta starfsár nefndarinnar. Haldnir voru fimm fundir ásamt tölvasamskiptum. Áhersla var lögð á ýmsar róðrarferðir, skemmtanir, þetta hópinn, aðstoða nýliða til að taka sín fyrstu skref og skapa vettvang fyrir straumkayakræðara innan Kayakklúbbsins en lítið hefur verið gert innan klúbbsins til að koma á mótis við straumkayakræðara síðustu ár. Þá var virkjunarframkvæmdum í Tungufljóti mótmælt, þar sem barist var fyrir hagsmunum straumkayakræðara, sendur var mótmælendalista með 200 undirskriftum. Niðurstaðan er að nefndin og framkvæmdaraðilar hafa gert með sér samkomulag að framkvæmdaraðili muni taka tillit til straumkayakræðara í virkjunarframkvæmdunum, að við útfall virkjunarinnar verði búin til aðstaða þar sem verði hægt að æfa sig á straumkayökum.

Nefndarmenn tóku þátt í Midnight River Festival sem var haldin 29-30 júní, sem er skipulagt af fyrirtækinu Viking Rafting. Farið var í Hvít á þann 19. maí, og nefndi Erlingur að hann saknaði sjökayakræðara í þeirri ferð. Þá var farið í Ytri Rangá og Eystri Rangá 13-14 júlí og 1-2 september var ferð í Laxá í Mývatnssveit og Austari Jökulsá. Nánari upplýsingar um starfið er að finna í skýrslu straumkayaknefndarinnar sem er aðgengilegt í skjalasafninu.



4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og útskýrðir.

Gísli Karlsson gjaldkeri kynnti endurskoðaða reikninga, eins og síðustu ár var kynningin mjög ítarleg. Ingi Tómasson hafði rýnt ársreikninga félagsins. Gísli sagðist hafa verið gjaldkeri í nokkur ár og í fyrra og í ár hefur framsetning á reikningum félagsins tekið breytingum. Áður voru öll félagsgjöld tekjufærð, en núna eru aðeins greidd félagsgjöld tekjufærð. Félagsmenn sem greiða ekki félagsgjöld í tvö ár er hent út af félagaskránni, ef þeir skulda eingöngu félagsgjöld.

Tekjur ársins voru 3,4 milljónir, Rekstrarkostnaður var 1,2 milljónir og afskriftir um 400.000. Hagnaður ársins var 1,9 milljón. Á árinu 2017 var mikið um framkvæmdir og kaup á búnaðir, mun minna í ár. Eignir eru bókfærðar 16 milljónir og handbært fé er 12,2 milljónir. Skuldir eru kr. 260.000 sem er ógreidd húsaleiga í Nauthólsvík. Keyptar voru 10 kayakárar hjá GG Sport. Keyptur gámur í mars sem hefur ekki verið greiddur af Kayakklúbbnum og kemur til greiðslu á næsta tímabili. Einnig var keypt kayakerra á kr. 100.000 á árinu, en reikningur hefur ekki en borist. Kerran er geymd í aðstöðu Kayakhallarinnar og er í umsjón húsnæðisnefndarinnar. Þá fór Gísli yfir helstu kostnaðarliðina á árinu sem koma fram í ársreikningum. Að lokum fór Gísli yfir tölfræði um félagsmenn og geymsluhólf sem koma fram í reikningum félagsins.

Umræða hefur verið í stjórn að flytja kayaka á „skuldagám“ ef geymslugjaldið er ekki greitt. Í dag eru 21 félagsmaður sem skuldar félags- og geymslugjöld, þar af er einn í Nauthólsvík sem skuldar kr. 47.000. Eins og áður hefur komið fram, þá eru félagsgjöld afskrifuð ef þau eru ekki greidd í tvö ár, en það á eingöngu við ef engin geymslugjöld eru í skuldinni. Við höfum lokað á aðgengi félagsmanna sem skulda og er leið sem við ættum að beita í enn meira mæli.

5. Umræða um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga.

Marteinn sagðist hafa teikningar ef fundarmenn vildu skoða, teikningarnar væru fyrir aðstöðu straumkayakræðara í Brúarárvirkun, boltinn er hjá framkvæmdaraðilum. Fyrirmynd aðstöðunnar væri Aldan í München í Þýskalandi.

Gísli HF sagði að þetta væri varnarsigur hjá straumkayaknefndinni hvað varðar Brúarárvirkjun. Langflest íþróttarfélag væru með tilbúin æfingarsvæði í flestum löndum, slík aðstaða þyrfti að setja upp á Reykjavíkursvæðinu. Hann vill halda á fara með EPP, þróa það áfram þó svo að hann hætti í fræðslunefndinni og henti fram þeirri fleygu setningu „Lífsháskinn skapar lífsgleði, allt of mikið af ungu fólki sér lítið annað en svartnætti“

Magnús talaði um námskeiðsferlið hjá ISKGA sem er þegar aðgengilegt á Íslandi ef við viljum skoða það. BCU sambandið viðkennir ISKGA og þjálfun er möguleg hjá Magnúsi.

Gísli HF vill blanda ÍSÍ inn í þetta. Magnús sagðist hafa unnið „Syllabus“ með SÍL fyrir nokkrum árum síðan, en það verkefni sofnaði.

Marteinn spurði um veltunámskeið og hvar þau væru auglýst. En veltunámskeið væru nauðsyn fyrir straumkayak starfið. Það vanti meira framboð af veltunámskeiðum.

6. Reikningar bornir upp til samþykktar.

Reikningarnir voru samþykktir einróma

7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði. Eftirfarandi tillaga að lagabreytingu hafði borist fyrir fundinn. Straumkayaknefnd bætist við í upptalningu yfir nefndir félagsins í 11. grein sem mun þá eftir breytingu verða:

„Stjórn félagsins skipar í nefndir eftir þörfum. Þær helstu eru húsnæðisnefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd, keppnisnefnd, straumkayaknefnd og sundlaugarnefnd. Nefndir starfa sjálfstætt á sínu sviði en gefa skýrslur til stjórnar. Allar ákvarðanir nefnda sem fela í sér stefnubreytingar eða fjárhagslegar skuldbindingar fyrir félagið skulu lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Nefndir skulu velja sér formann sem er tengiliður nefndarinnar við stjórn félagsins. Nefndir halda fundargerðir og skila starfsskýrslu til stjórnar í lok starfsárs eins og við á.“



Breyting á 11. greininni var samþykkt einróma.

8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði eða tillögur sem þarf að kjósa um;

Andri formaður kynnti tillögu stjórnar sem hann lagði til að fundurinn myndi kjósa um. Tillagan er eftirfarandi: „*Kayakklúbburinn hætti að halda stigakeppnir sem telja til Íslandsmeistara og hætti að tilnefna fulltrúa í kjör Íþróttamanns ársins hjá ÍSí. Þess í stað verði það í verkahring keppnisnefndar að skipuleggja og halda keppnir fyrir félagsmenn í samstarfi við önnur félög*“

Andri sagði að keppnishaldið væri hálfgerð olnbogabarn og til vandræða, höfum varla burði til að hafa virka íþróttarnefnd og illa hefði gengið að manna nefndina. Markmiðið væri alls ekki að hætta keppnishaldi, frekar að fjölga keppnum, auka fjölbreytni og vonandi eykst þátttakan sem hefur verið allt of lítil miðað við undirbúning og kostnað keppnanna. Þessi tillaga er borin fram miðað við stöðuna í dag, við verðum áfram aðilar að SÍL og þar með ÍSí og munum halda sundlaugartímunum. Tvær kvartanir hafa verið sendar til stjórnar SÍL á síðustu 2-3 árum vegna keppnishaldsins sem er bara leiðindi og eitthvað sem allir vilja vera lausir við.

Jón Pétur formaður SÍL sagði að keppnishaldið gæti ekki haldið áfram með óbreyttu sniði. Keppnir sem telja til Íslandsmeistara verði að vera haldnar af félögum sem eru aðilar að ÍSí. Í dag er Kayakklúbburinn eina kayakfélagið sem gæti haldið slíkar keppnir, en Kayakklúbburinn er aðili að ÍSí í gegnum SÍL.

Águst Ingi sagði að þátttakendum fækkaði á hverju ári. 2015 var talað um að eitthvað yrði að gera til auka þátttöku, núna væri verið að breyta sem vonandi skili sér í aukinni þátttöku.

Gísli gjaldkeri sagði að það verði örugglega einhverjir ósáttir við þessa breytingu, en þá er það tækifæri fyrir þá að að koma að starfinu, ekki vera bara fúlir á móti. Það þurfi áfram að vinna að skipulagningu og undirbúningi í keppnisnefndinni.

Unnur sagðist hafa komið á óvart að keppendur hafi sent inn kvartanir varðandi keppnishaldið. Hún hafi mætt á fundinn til að kjósa á móti þessari tillögu.

Andri sagði að við yrðum einnig að geta tekið gagnrýni á okkar störf.

Þorbergur: Björg systir var alls ekki sátt við það að fella stigin niður í Reykjavíkurbikarnum og taldi þetta vera breytingu sérstaklega gerða fyrir sjókayakræðara, að hagsmunir sjókayaka voru teknir fram yfir surfskiði.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar. Mikill meirihluti samþykkti tillöguna, enginn var mótfallinn tillögunni.

9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.

Andri og Sveinn Axel gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Sigurjón Magnússon var einn í framboði til formanns og var samþykktur með lófataki.

Gísli Karlsson og Gunnar Ingi Gunnarsson gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Unnur Eir Arnardóttir og Erlingur Geirsson bjóða sig einnig fram í stjórn. Engin önnur framboð voru í stjórn og ný stjórn því sjálfkjörin.



10. Ákvörðun félagsgjalda.

Stjórn lagði til óbreytt félagsgjöld sem eru kr. 4.500 fyrir einstaklinga og kr. 6.000 fyrir fjölskyldur. Tillagan var samþykkt.

11. Önnur mál.

Gísli HF fjallaði um framtíðarstaðsetningu Kayakklúbbsins. Við verðum að vera þátttakendur í skipulagsferlinu, engin höfuðborg við sjó er án sjósports, við verðum að vera með í umræðunni við borgaryfirvöld. Nánast hvergi væri að finna náttúrulega strönd í Reykjavík, strönd sem ekki hefur verið eitthvað átt við og breytt.

SÍL-Jón Pétur minnti á að borgaryfirvöld kæmu ekki til okkar, við yrðum alltaf að minna á okkur og okkar hagsmuni.

Andri sagði að við verðum að vera stanslaust á vaktinni, t.d. liggi núna frammi tillaga um friðlýsingu Akureyjar. Kayakklúbburinn mun senda bréf vegna friðlýsingarinnar til gæta hagsmuna kayakræðara. Eyjan er vinsæl hjá ferðaþjónustuaðilum. Við hljótum að vera aufúsugestir, tínnum upp plast og annað drasl sem við tökum með okkur og höfum komið í eyjuna reglulega í tugi ára.

Örlygur nefndi að samstarf okkar við Landvernd muni styrkja okkar málstað. Við vitum og getum sýnt fram á hvað kayakræðarar hafa plokkað mörg kg. af plasti.

Örlygur sendi tillögu til stjórnar, að sett verði á fót uppstillingarnefnd sem hefði það hlutverk að finna til framboð til stjórnar. Ný stjórn tekur tillöguna til umfjöllunar.

12. Fundargerð.

Fundarritari lagði fram tillögu fyrir fundinn að fundurinn samþykki að fundarstjóri og fundarritari verði falið að ganga frá og birta fundargerð aðalfundar, sem var samþykkt.

13. Fundarslit.

Lilja fundarstjóri sleit fundir kl. 22:00.